Nd. 598. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. marz 1961, um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:
   Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100.00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250.00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 24 17. marz 1954 og lög nr. 43 29. marz 1961.
3. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.